

Endurupptökudómur  
Dómstólasýslan  
Suðurlandsbraut 14  
108 Reykjavík

### Efni: Mál Endurupptökudóms nr.12/2021

Ég hef áhyggjur, en ég er ekki hræddur, að takast á við dómstóla um sannleikann.

Ég velti fyrir mér hvort Endurupptökudómur hefur almennt ekki komið því í verk að taka ákvörðun um frávisun eða dómtöku mála, sem bárust dómnum í desember 2020?

Ég skil póst dómsins þ. 9. júní, til mín svo, að mál mitt þurfi lengri rannsóknar við hjá dómnum, samanber: „...Ekki hefur verið óskað eftir viðbrögðum gagnaðila hæstaréttarmálsins. Með kveðju ...“.

Hik dómsins - dráttur á ákvörðun um mál mitt, gefur mér tilefni til að endurskoða málagjörð mína og leita þess sem betur mætti fara. Í því felst að hér legg ég mig fram við að leiðbeina skipuðum dómurum málsins enn frekar til að öðlast sýn og skilning á allt eðli þessa máls.

Mér er ljóst að tvíþætt eðli míns málatilbúnaðar flækir og glepur sýn á þann part, sem ég kref Endurupptökudóm um úrlausn. Tvíeðli minnar baráttu er:

- Ólögmat landskipti á allt að 40 jarðartorfum á Íslandi í meira en öld.
- Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 610/2007, sem er byggður á falsheimildum.

Þessir tveir þættir tengjast vissulega. Ég er kominn vel á veg með að rannsaka og skrifa um sögu landskipta á Íslandi. Hluta minna rannsókna sér stað, í töflum um jarðatorfur, á vefsíðunni: <http://landskuld.is/>

Ég vona að mér endist aldur, heilsa og dugur til að ljúka því verki. Ég ætla að sjálfsgöðu að gera hlut dómstóla skil í ritverkinu.

Að svo komnu, legg ég áherslu á að ég kref/bið Endurupptökudóm um að taka erindi mitt til dóms og síðar dæma mér rétt til endurupptöku á hæstaréttardómi nr. 610/2007. Kröfugerð mína við Endurupptökudóm byggji ég að öllu á þeim staðreyndum að hæstaréttardómurinn er byggður á tveimur falsheimildum. Ég undrast að fá þau svör 9. júní sl. að Endurupptökudómstóll hefur þá, enn ekki tekið ákvörðun um að dómtaka erindi mitt. Dómstóllinn hefur í 2 ½ mánuð brugðist því að efna eigin fyrirætlan, sem fram kemur í bréfi til mín þ. 17. mars 2021. Í bréfinu segir:

Veittur er frestur til 31. mars nk. til að gera athugasemdir við skipan dómsins, en að því loknu má gera ráð fyrir að gagnaðila/-aðilum verði gefinn kostur á að skila greinargerð sinni vegna málsins, verði beiðninni ekki hafnað þegar í stað sbr. 3. mgr. 193. gr. og 2. mgr. 192. gr. laga nr. 91/1991.

Liðnir eru 2 ½ mánuður án þess að gagnaðilum hafi verið send gögn málsins og því sýnist mér að dómstóllinn gæli við þá hugmynd að vísa máli mínu frá dómi. Hver önnur ástæða getur verið fyrir því að gagnaðilum hæstaréttarmálsins hefur ekki verið send málgögn? Ég minni einnig á að hagsmunir mínir eru stórfelldir, eins og ég bendi á í greinargerð. Þá er efnisleg meðferð á máli mínu fyrir dómi mikilvæg til fulltingis réttlátu dómskerfi í landinu.

Mér finnst líklegt að dómurum þyki greinargerð mín óþægilega löng - að tilvísaðir textar séu of langir og útlekkingar mínar í sagnfræði og lögfræði, séu einnig of langar. Er óeðlileg töf dómsins á að taka ákvörðun um frávisun eða dómtöku málsins vegna þess að dómarrar hafi ekki fengið sýn á aðalatriði máls? Ber ég þar sök? Já! um það að hafa ekki tiltekið í greinargerð hvaða blaðsíðutöl í heimildum

bæri að bera saman. Úr þessu bæti ég hér og hef raunar þegar lokið á vefslóðinni:

<http://landskuld.is/endurupptaka-hrd-610-2007/>

Ég á þann kost einan að endurtaka, enn á ný:

1. Jarðatal Johnsens 1847, vísar rangt í frumheimild; Jarðabók 1806.
2. Jarðabók Skúla 1760 vísar rangt í frumheimild; Jarða- og bændatal 1753.

**Til að sjá tilvísanirnar tvær og frumheimildirnar tvær þarf að bera saman í heimildaskjalinu:**

- Blaðsíða 41; þ.e. mynd úr Jarðatali Johnsens 1847 og blaðsíður 37-38; þ.e. myndir úr Jarðabók 1806.
- Blaðsíður 25-26, þ.e. myndir úr Jarðabók Skúla 1760 og blaðsíður 23-24; þ.e. myndir úr Jarða- og bændatali 1753.

Ég álit enn að greinargerð mín sé ekki of efnismikil og/eða of löng. Ég tel að mér hafi borið nauðsyn til að birta dómurum Endurupptökudóms svo langan texta, til að þeir fengju rétta sýn á mál mitt. Mér er í mun að dómara dómsins viti að það fólk sem heimildir málsins tilgreina er til vitnisburðar að ég tefli hér fram gildum sönnunum um allt mál mitt. Skrautblóm í texta Þórðar biskups um „Indianskt merki“ geta með engu móti glapið dómurum rétta sýn, en ættu að gleðja andann.

Meirihluta greinargerðar afritaði ég úr löngu handriti að þeirri bók, sem hugur minn stendur til að ljúka. Ég tel að dómurum Endurupptökudóms sé hollt að lesa allan texta greinargerðarinnar, til að hafa sýn á að dæma rétt og að lögum.

Vörðu á Rangárvöllum 15. júní 2021

Tómas Ísleifsson